

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2016, miðvikudaginn 30. mars kl. 9:09, var haldinn 142. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Júlíus Vífill Ingvarsson, Hildur Sverrisdóttir og Sigurður Ingi Jónsson. Eftirtaldir embættismenn sitja fundinn: Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Másson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Bjarnason, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(E) Umhverfis- og samgöngumál

1. **Breyttur starfstími Vinnuskóla Reykjavíkur, (USK2016030032)** Mál nr. US160076

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, dags. 18. mars 2016, þar sem lagt er til að starfstími Vinnuskóla Reykjavíkur verði breyttur. Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18. mars 2016, samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Hildur Sverrisdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sigurður Ingi Jónsson sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. **Almenningssalerni í Reykjavík, skýrsla starfshóps** Mál nr. US160066

Kynnt skýrsla starfshóps, dags. 9. mars 2016, um stöðu og tillögur um almenningssalerni í Reykjavík. Kynnt.

Kl. 9:30 tekur Sigurborg Ó. Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi sæti á fundinum.

Þórólfur Jónsson deildarstjóri og Ólafur Ólafsson deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Visthæfar bifreiðar, reglur um bílastæði fyrir visthæfar bifreiðar í Reykjavík (USK2016010088)** Mál nr. US160030

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 26. janúar 2016, ásamt tillögu að nýjum reglum um bílastæði fyrir visthæfar bifreiðar í Reykjavík. Einnig er lögð fram umsögn bílastæðanefndar, dags. 25. febrúar 2016, og bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 8. mars 2016. Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, samþykkt. Vísað til borgarráðs.

4. **Laugardalur, umferðarhraði, hávaði- og svifryksmengun** Mál nr. US160068

Lagt fram bréf Lilju S. Jónsdóttur f.h. stjórnar Íbúasamtaka Laugardals, dags. 8. mars 2016, þar sem óskað er eftir að Reykjavíkurborg meti umferðarhraða, hávaða- og svifryksmengun í Laugardalshverfinu öllu.

Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.

(A) Skipulagsmál

5. **Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 18. mars 2016.

6. **Engjateigur 7**, breyting á deiliskipulagi (01.366.5) Mál nr. SN150687
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Arkís arkitekta ehf., mótt. 11. nóvember 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi Sigtúnsreits vegna lóðarinnar nr. 7 við Engjateig. Í breytingunni felst að innkeyrsla á lóðina er færð, afmarkaður er nýr einnar hæðar byggingarreitur fyrir hliðhús á lóðinni, bílastæðum á lóðinni er fækkað úr 57 í 12 og komið er fyrir tæknirýmum og geymslum í bílakjallara. Jafnframt er sett inn heimild fyrir allt að 4,5 m hárrí öryggisgirðingu á lóðinni, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf., dags. 30. október 2015. Einnig er lagt fram bréf Arkís Arkitekta ehf., dags. 11. nóvember 2015. Tillagan var auglýst frá 20. janúar 2016 til og með 9. mars 2016. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Veitur, dags. 21. janúar 2016, Antoníus Þ. Svavarsson f.h. Prófasts ehf., dags. 25. febrúar 2016. Einnig er lögð fram bókun hverfisráðs Laugardals frá 25. janúar 2016. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Dr. Agna Ásgeirssonar f.h. Lífeyrissjóðs Starfsmanna Ríkisins, lóðarhafa Engjateigs 11, dags. 2. mars 2016 og tölvupóstur Árna B. Björnssonar f.h. Verkfræðingafélags Íslands, lóðarhafa Engjateigs 9, dags. 2. mars 2016, þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti.

Kl. 10:25 vikur Júlíus Vífill Ingvarsson af fundi, Marta Guðónsdóttir tekur sæti á fundinum á sama tíma.

Athugasemdir kynntar.

Lilja Grétarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Efstaleiti - RÚV reitur**, deiliskipulag (01.745.4) Mál nr. SN150752

Lögð fram tillaga Arkþings ehf., ódags., að deiliskipulagi sem nær til reita 1.745.4, 1.745.0 og 1.745.1 og afmarkast af Listabraut í norðri, Bústaðavegi í suðri, Efstaleiti í vestri og Háaleitisbraut í austri. Svæðið er í dag 5 lóðir, Efstaleiti 1, 3, 5, 7 og 9. Í tillögunni felst uppbygging á lóð RÚV við Efstaleiti og samliggjandi lóðum innan reitsins með þéttingu og gæði byggðar að leiðarljósi. Einnig er lögð fram greinargerð og skilmálar, dags. í janúar 2016.
Kynnt.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri, Helgi Már Hallgrímsson arkitekt og Bergþóra Kristinsdóttir fagstjóri hjá Eflu taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Kjalarnes, Esjumelar**, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN150253

Lögð fram tillaga Landmótunar sf., dags. 23. mars 2016, að nýju deiliskipulagi athafnasvæðis Esjumela við Vesturlandsveg, þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttu framboði athafnalóða af mismunandi stærðum og gerðum í samræmi við aðalskipulag

Reykjavíkur 2010-2030. Einnig er lagður fram skýringaruppdr. Landmótunar sf., dags. 23. mars 2016.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Kjalarnes, Sætún**, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN150689
440406-0840 Kjalarnes ehf., Seilugranda 11, 107 Reykjavík
210651-3819 Einar Ingimarsson, Heiðargerði 38, 108 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Kjalarness ehf., mótt 16. nóvember 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar að Sætúni I, Kjalarnesi. Í breytingunni felst sameining tveggja lóða í eina og breyting á byggingareit, samkvæmt uppdrætti Einars Ingimarssonar ark., dags. 13. nóvember 2015. Tillagan var auglýst frá 8. janúar til og með 19. febrúar 2016. Eftirtaldir aðilar gerðu athugasemdir: Sigurður Kári Kristjánsson f.h. Skurnar hf. og Stjórnueggja hf., dags. 18. febrúar 2016. Einnig er lögð fram bókun hverfisráðs Kjalarness frá 11. febrúar 2016. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. mars 2016.
Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 18. mars 2016.
Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

10. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 868 frá 22. mars 2016.

11. **Austurbakki 2, Hótel** (01.119.801) Mál nr. BN050485
530513-1060 Kolufell ehf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 6 hæða hótel, einangrað og klætt að utan með flísum/gluggakerfi, 253 herbergi fyrir 512 gesti, á tveggja hæða kjallara á reit 5A og verður matshluti 06 á lóð nr. 2 við Austurbakka. Einnig er lögð fram umsögn Fagrýnihóps, dags. 11. mars 2016.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 21. janúar og skýrsla um hönnunarforsendur hljóðvistar dags. 21. janúar 2016.

Umsögn Fagrýnihóps, dags. 11. mars 2016, kynnt.

Umhverfis- og skipulagsráð bókar: „Umhverfis- og skipulagsráð tekur undir álit fagrýnihóps og beinir því til byggingarfulltrúa að hafa það til hliðsjónar við meðferð byggingarleyfisumsókna. Endanlegar útfærslur verði kynntar í umhverfis- og skipulagsráði áður en til samþykktar þeirra kemur hjá byggingarfulltrúa.”

(C) Fyrirspurnir

12. **Kvosin, Landsímareitur**, (fsp) breyting á (01.140.4) Mál nr. SN160143
deiliskipulagi

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn THG arkitekta ehf., mótt. 25. febrúar 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Landsímareits. Í breytingunni felst m.a. niðurrif viðbyggingar við landssímahúsið frá 1967, aðlögun gólfhæða og leyfa kjallara undir öllum húsum á

reitnum, samkvæmt uppdr. THG arkitekta ehf., dags. 23. febrúar 2016. Einnig er lögð fram greinargerð THG arkitekta ehf., dags. 25. febrúar 2016.
Frestað.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. **Hagamelur 67**, (fsp) ofanábygging (01.525.0) Mál nr. SN160044
240476-5769 Geir Steinþórsson, Ægisgata 5, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Geirs Steinþórssonar, mótt. 13. janúar 2016, um hvort heimilt er að byggja eina eða fleiri hæðir ofan á húsið á lóð nr. 67 við Hagamel.
Fyrirspurninni er vísað til frekari meðferðar hjá skipulagsfulltrúa.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. **Einholt 2**, (fsp) hækkun húss og bygging (01.244.1) Mál nr. SN160104
svala
480402-2430 Stay ehf, Einholti 2, 105 Reykjavík
420299-2069 ASK Arkitekta ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ask arkitekta ehf., mótt. 10. febrúar 2016, um að hækka húsið á lóð nr. 2 við Einholt um eina og hálfra hæð og byggja svalir ofan 1. hæðar, samkvæmt uppdr. Ask Arkitekta ehf., dags. 1. febrúar 2016. Einnig er lögð fram greinargerð Halldórs Meyer, dags. 9. mars 2016, bréf Halldórs Meyer, dags. 15. mars 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. mars 2016.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 14. mars 2016, samþykkt.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. **Starhagi 3**, (fsp) breyting á deiliskipulagi (01.555.3) Mál nr. SN160163
250168-4389 Baldur Þórhallsson, Starhagi 5, 107 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Baldurs Þórhallssonar, dags. 1. mars 2016 ásamt fylgiskjölum, varðandi breytingu á deiliskipulagi Starhaga vegna lóðar nr. 3 sem felst í breytingu á byggingarmagni. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 30. mars 2016.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 30. mars 2016, samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinssonar og Sverris Bollasonar, fulltrúa Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur og fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Gísla Garðarssonar. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sigurður Ingi Jónsson situr hjá við afgreiðslu málsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir og Hildur Sverrisdóttir greiða atkvæði á móti og bóka: „Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Hildur Sverrisdóttir og Marta Guðjónsdóttir, greiða atkvæði gegn tillögunni á þeirri forsendu að það hefði átt að beina málinu til hverfisráðs áður en ákvörðun um að farið verði í deiliskipulagsbreytingu er tekin.“
Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Gísla Garðarssonar bóka: „Tillagan sem nú er samþykkt fjallar um heimild umhverfis- og skipulagssviðs til að hefja vinnu við skipulagsgerð. Hverfisráð Vesturbæjar mun fá einstakt tækifæri til að hafa skoðun á skipulagsgerð á upphafsstigum með umfjöllun um málið á næsta fundi sínum.“

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

16. **Gufunes**, Kynning starfssemi í Gufunesbænum Mál nr. US160067

Kynnt starfssemi Reykjavíkurborgar í Gufunesbænum gamla.

Atli Steinn Árnason framkvæmdastjóri kynnir.

Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri og Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

17. **Kjalarnes, Þverárkot**, bærinn verði skráður Mál nr. SN150667
sem lögbýli
230739-3909 Sveinn Sigurjónsson, Þverárkot, 116 Reykjavík
190475-6039 Kolbrún Anna Sveinsdóttir, Þrastarhöfði 6, 270 Mosfellsbær

Lagt fram bréf Sveins Sigurjónssonar um umsögn, mótt. 3. nóvember 2015, um að bærinn Þverárkot verði skráður sem lögbýli að nýju. Einnig er lagt fram bréf Guðmundar Sigurðssonar framkvæmdarstjóra Búnaðarsamtaka Vesturlands, dags. 14. september 2015 og bréf Sveins Sigurjónssonar dags. 31. ágúst 2015.
Frestað.

18. **Húsverndarsjóður Reykjavíkur**, úthlutun Mál nr. US160014
styrkja 2016
Kynnt tillaga umhverfis- og skipulagsviðs að úthlutun styrkja úr Húsverndarsjóði árið 2016.
Samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

19. **Gjaldskrá og reglur um bílastæði í Reykjavík**, tillögur starfshóps Mál nr. US150247
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagðar fram að nýju tillögur starfshóps umhverfis- og skipulagssviðs að nýjum reglum um bílastæðagjald í Reykjavík unnar með hliðsjón af nýju aðalskipulagi. Einnig lögð fram tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir bílastæði. Jafnframt er lögð fram umsögn bílastæðanefndar, dags. 11. febrúar 2016. Einnig er lagt fram minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. mars 2016.
Frestað.

20. **Kynning á uppbyggingu í miðborginni**, Mál nr. US160064
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagsráðs ásamt greinargerð varðandi kynningu á uppbyggingu í miðborginni.
"Umhverfis- og skipulagssviði er falið að koma fyrir skála eða finna hentugt húsnæði á áberandi stað og setja þar upp sýningu sem stæði í að minnsta kosti þrjú ár til að kynna sem best uppbyggingu og skipulagsmál í miðborginni, einkum í Kvosinni. Leggur umhverfis- og skipulagsráð áherslu á að verkefni þetta verði framkvæmt sem fyrst og í náinni samvinnu við framkvæmdaaðila, en leitað skuli eftir því að þeir standi straum af kostnaði við það.
Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir og Hildur Sverrisdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sigurður Ingi Jónsson sitja hjá við afgreiðslu málsins.

21. **Betri Reykjavík**, snjóruðningur Mál nr. US150137
(USK2015060002)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram efsta hugmynd maímánaðar úr flokknum framkvæmdir "snjóruðningur" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. maí 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.
Frestað.

22. **Betri Reykjavík, snjóruðningur** Mál nr. US150137
(USK2015060002)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lögð fram efsta hugmynd maímánaðar úr flokknum framkvæmdir "snjóruðningur" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. maí 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, framkvæmda og viðhalds.
23. **Betri Reykjavík, fjölga svæðum þar sem** Mál nr. US160069
Reykvíkingar geta ræktað
grænmeti(USK2016030033)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „fjölga svæðum þar sem Reykvíkingar geta ræktað grænmeti" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var önnur efsta hugmynd febrúarmánaðar 2016 í málaflokknum umhverfismál.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæða.
24. **Betri Reykjavík, gera hlaupastíg fyrir** Mál nr. US160070
almennung í Laugardal (USK2016030034)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „gera hlaupastíg fyrir almennung í Laugardal" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var þriðja efsta hugmynd febrúarmánaðar 2016 í málaflokknum umhverfismál.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.
25. **Betri Reykjavík, gönguleiðaskilti** Mál nr. US160071
(USK2016030035)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „gönguleiðaskilti" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar 2016 í málaflokknum samgöngur.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.
26. **Betri Reykjavík, hringtorg á gatnamótum** Mál nr. US160072
Háaleitisbrautar, Ármúla og Safamýrar
(USK2016030036)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „hringtorg á gatnamótum Háaleitisbrautar, Ármúla og Safamýrar" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var önnur efsta hugmynd febrúarmánaðar 2016 í málaflokknum samgöngur.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.
27. **Betri Reykjavík, setja upp skilti sem minnir** Mál nr. US160073
á hraðahindruninar hjá
Hörpunni(USK2016030037)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „setja upp skilti sem minnir á hraðahindruninar hjá Hörpunni" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar 2016 í málaflokknum framkvæmdir.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

28. **Betri Reykjavík**, stígagerð, íþróttabrautir og tengingar við Gufunesbæ (USK2016030038) Mál nr. US160074
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „stígagerð, íþróttabrautir og tengingar við Gufunesbæ“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar 2016 í málaflokknum skipulagsmál.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

29. **Betri Reykjavík**, fleiri bekkir á Kringlumýrarbraut (USK2016030039) Mál nr. US160075
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „fleiri bekkir á Kringlumýrarbraut“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar 2016 í málaflokknum ýmislegt.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, framkvæmda og viðhalds.

30. **Hlíðarendi**, kærur 5 og 7/2016, umsögn, (01.62) Mál nr. SN160053
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 18. janúar 2016 ásamt kærum 5/2016 og 7/2016 þar sem kært er deiliskipulag á Hlíðarenda. Einnig lagðar fram umsagnir skrifstofu sviðsstjóra vegna kæru 5/2016 og 7/2016, dags. 17. febrúar 2016. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 23. mars 2016. Úrskurðarorð: Máli þessu er vísað frá.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:30

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Gísli Garðarsson
Hildur Sverrisdóttir

Sverrir Bollason
Marta Guðjónsdóttir
Sigurður Ingi Jónsson

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 22. mars kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 868. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Björn Kristleifsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson, Jón Hafberg Björnsson og Eva Geirsdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Amtmannsstígur 5A** (01.170.209) 101337 Mál nr. BN050797
501298-5069 Sjóstjarnan ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á bakhlíð 1. og 2. hæðar, jafnframt er sótt um samþykki fyrir áður gerðum breytingum á húsi nr. 5A á lóð nr. 5 við Amtmannsstíg. Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 21. mars 2016.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsing vegna lóðar sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN050485
530513-1060 Kolufell ehf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 6 hæða hótél, einangrað og klætt að utan með flísum/gluggakerfi, 253 herbergi fyrir 512 gesti, á tveggja hæða kjallara á reit 5A og verður matshluti 06 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2016.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 21. janúar og skýrsla um hönnunarforsendur hljóðvistar dags. 21. janúar 2016.
Stærð A-rýma: 18.447,6 ferm., 68.426,9 rúmm.
B-rými: 490 ferm., 2.005,8 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2016.
- Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN050486
530513-1060 Kolufell ehf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 6 hæða fjölbýlishús á tveggja hæða kjallara, einangrað og klætt að utan með flísum/málmklæðningu, sjö stigahús með 106 íbúðum og verslun og þjónustu á jarðhæð á reit 5B og verður matshluti 05 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 21. janúar og skýrsla um hönnunarforsendur hljóðvistar dags. 21. janúar 2016.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2016.
Stærð A-rými: 17.408,1 ferm., 62.902,2 rúmm.
B-rými: 2.107,8 ferm., 7.110,5 rúmm.

C-rými: 64,8 ferm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2016.

4. **Álfab. 12-16/Pönglab.** (04.603.503) 111722 Mál nr. BN050791
411106-1010 Faxar ehf., Síðumúla 20, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050455 þannig að inngöngum í apótekið rými 0101 er fjölgað og komið fyrir rennihurðum í mhl. 02 á lóð nr. 14 við Álfabakka.
Bréf frá hönnuði dags. 15. janúar 2016 fylgir erindi
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
5. **Ármúli 5** (01.262.002) 103514 Mál nr. BN050326
621012-0100 F3 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að einangra og klæða að utan með sléttum álplötum, breyta innra skipulagi, byggja flóttastiga á austurgafli og innréttu gististað í flokki IV teg. hótél með 57 herbergjum í mhl. 01 á lóð nr. 5 við Ármúla.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. desember 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. desember 2015.
Erindi fylgir orkurammi dags.. 21. nóvember 2015.
Stækkun: 180 ferm., 761 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
6. **Bíldshöfði 8** (04.064.001) 110667 Mál nr. BN050721
701277-0239 Brimborg ehf., Bíldshöfða 6, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta rými 0001 í skrifstofur, kom fyrir glugga vesturhlið, koma fyrir hurð með útgengi frá kjallara og tröppur á húsinu og breikka gangstétt á vesturhlið hússins á lóð nr. 8 við Bíldshöfða.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2016.
Umsögn burðarvirkishönnuðar fylgir dags. 11. mars 2016
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2016.
7. **Blikastaðavegur 2-8** (02.496.101) 204782 Mál nr. BN050652
581011-0400 Korputorg ehf., Hlíðasmára 6, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að fjarlægja vegg og breyta flóttaleið í rými K, Útilegumaðurinn í húsinu á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
8. **Borgartún 3** (01.216.202) 102754 Mál nr. BN050702
450613-2310 BE eignir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja upp létta innveggi og hurðir í þá og nýja útidyrhurð vestan við aðalinngang á suðurhlið á 1. hæð húss á lóð nr. 3 við Borgartún.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. **Búðavað 17-19** (04.791.805) 209910 Mál nr. BN050549
100967-3089 Katrín Garðarsdóttir, Búðavað 17, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir arni með reykhlíf frá rými 0201 í húsinu nr. 17 á lóð nr. 17-19 við Búðavað.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. **Dugguvogur 23** 105647 Mál nr. BN050673
081274-3129 Marteinn Einarsson, Krúás 27, 221 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í rými 0305 í iðnaðarhúsi á lóð nr. 23 við Dugguvog.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2016.
Gjald kr. 10.100
Synjað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2016.
11. **Dvergshöfði 27** (04.061.403) 110622 Mál nr. BN050647
700508-0640 Nývaki ehf, Dvergshöfða 27, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, fjölga salernum, innrétta kaffiaðstöðu og fækka rýmismúmerum í á 2. hæð í húsi á lóð nr. 27 við Dvergshöfða.
Samþykki á 1. hæð fylgir og bréf frá Stálsmiðjunni dags. 28. jan. 2016.
Bréf frá umsækjanda dags. 16. mars 2016 fylgir.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vantar samþykki meðeigenda vegna lagna.
12. **Einarsnes 36** (01.672.001) 106792 Mál nr. BN050771
590500-3130 Skerjaver, Einarsnesi 36, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN048966 þannig að snyrting er minnkuð í kaffihúsinu á lóð nr. 36 við Einarsnes.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
13. **Fiskislóð 53-69** (01.087.401) 100008 Mál nr. BN050790
621287-1689 Ósvör ehf., Hafnargötu 27a, 230 Keflavík
Sótt er um leyfi til að innrétta kaffibrennslu, kaffiskóla og kaffihús í flokki III fyrir 80 gesti í rými 0101 í mhl. 02 í iðnaðarhúsi á lóð nr. 57-59 við Fiskislóð.
Jákvæð fyrirspurn BN050093 um kaffibrennslu fylgir erindi.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. **Flugvöllur 106748** (01.66.-.99) 106748 Mál nr. BN050748
 550210-0370 Isavia ohf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 10 og koma fyrir skrifstofugámum til bráðabirgða á lóðinni Flugvöllur 106748.
 Gjald kr. 10.100
 Frestað.
 Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
15. **Friggjarbrunnur 42-44** (05.053.201) 205962 Mál nr. BN050764
 450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048498, með því að færa rafmagnsinntak í kjallara, breyta innra skipulagi íbúða og gluggum í fjölbýlishúsi á lóð nr. 42-44 við Friggjarbrunn.
 Gjald kr. 10.100
 Samþykkt.
 Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
 Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
 Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
16. **Grandagarður 8** (01.115.101) 100046 Mál nr. BN050795
 450105-4810 Víkin - Sjóminjasafn í Re ses., Grandagarði 8, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN045353, stækka eldhús, koma fyrir fatahengi, anddyri og breyta útidyrhurð í húsi á lóð nr. 8 við Grandagarð.
 Gjald kr. 10.100
 Frestað.
 Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.
17. **Grensásvegur 12** (01.295.406) 103853 Mál nr. BN050603
 561208-0690 Karl Mikli ehf., Litlakrika 42, 270 Mosfellsbær
 Sótt er um leyfi til að hækka og breyta þaki og innréttu herbergi á 2. hæð í bakhúsi, mhl. 02, gististaður fl. 2, tegund B, gistiheimili, á lóð nr. 12 við Grensásveg.
 Stærðir: xx ferm., xx rúmm. stækkun
 Gjald kr. 10.100
 Frestað.
 Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
18. **Grettisgata 62** (01.190.116) 102391 Mál nr. BN050805
 600613-0490 RFL ehf., Ármúla 7, 108 Reykjavík
 Sótt er um samþykki fyrir breytingum sem orðið hafa á byggingartíma, s.s. veggjaþykktir og þakdeili, sjá erindi BN047586, fjölbýlishúss á lóð nr. 62 við Grettisgötu.
 Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 15. mars 2016 fylgir erindinu.
 Gjald kr. 10.100
 Frestað.
 Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
19. **Grjótháls 7-11** (04.304.001) 111019 Mál nr. BN050727
 490911-2510 Kolefni ehf., Skólavörðustíg 18, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í mhl. 01 og 02 og reisa 3 nýja lagertanka mhl. 12, 13 og 14 fyrir bjórframleiðslu sem verða staðsettir úti á milli mhl. 01 og 02 á lóð nr. 7-11 við Grjótháls.
 Stærðir á nýjum lagertönkum eru: Mhl. 12 er 8,5 ferm., 88,7 rúmm. Mhl. 13 er 8,0 ferm., 72,5 rúmm. Mhl. 14 er 8,0 ferm., 72,5 rúmm. Samtals 24,5 ferm., 233,7 rúmm.
 Gjald kr. 10.100
 Frestað.

Er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa.

20. **Haukdælabraut 32** (05.114.603) 214796 Mál nr. BN050674
050571-2979 Böðvar Bjarki Þorvaldsson, Garðsstaðir 56, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt einbýlishús á tveimur hæðum og aukaíbúð á neðri hæð á lóð nr. 32 við Haukdælabraut.
Varmatapsútreikningur dags. 15. feb. 2016 og bréf frá hönnuði ódags. fylgir erindi.
Stærð húss: 322,6,0 ferm., 1.119,4 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
21. **Haukdælabraut 34** (05.114.604) 214797 Mál nr. BN050802
571203-3830 SMG ehf., Vatnagörðum 28, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt einbýlishús, klætt flísum og með aukaíbúð á lóð nr. 34 við Haukdælabraut.
Stærð: 299,4 ferm., 1.061,0 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
22. **Háteigsvegur 1** (01.244.203) 103187 Mál nr. BN050768
680515-1070 HT 1 ehf., Hrafnshöfða 25, 270 Mosfellsbær
Sótt er um leyfi til að byggja kvist að götu, fjarlægja svalir að Háteigsvegi, byggja nýjar í rishæð og innréttu gististað í flokki II, teg. hótél, 23 herbergi fyrir allt að 50 gesti í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 1 við Háteigsveg.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
23. **Heiðargerði 72** (01.802.204) 107669 Mál nr. BN050730
110368-4379 Arnar Hilmarsson, Heiðargerði 72, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sbr. BN043153 vegna lokaúttektar á húsinu á lóð nr. 72 við Heiðargerði.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
24. **Hofsvallagata 59** (01.543.108) 106417 Mál nr. BN050627
660500-3830 Hofsvallagata 59, húsfélag, Hofsvallagötu 59, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir, tröppur, grafa frá og gera hurð út úr kjallaraíbúð í húsi á lóð nr. 59 við Hofsvallagötu.
Erindi fylgir fsp. BN049491.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
25. **Holtavegur 10** (01.408.101) 104960 Mál nr. BN050657
670492-2069 Reitir II ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta aðgangshurð að afgreiðslu bílaleigu á 2. hæð í rými 0202, mátlínur 10/H, sbr. erindi BN049882 í húsi á lóð nr. 10 við Holtaveg.

- Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
26. **Hringbraut 121** (01.520.202) 105922 Mál nr. BN050793
520614-0600 JL Holding ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049183, breyta fyrirkomulagi á bar og í starfsmannaráymi í veitingahúsi á lóð nr. 121 við Hringbraut.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
27. **Hverfisgata 105** (01.154.406) 101134 Mál nr. BN050737
170282-3889 Skarphéðinn Andri Einarsson, Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir þvottavél og vaski í geymslu 0307 sem er í eigu íbúðar 0302 í húsinu á lóð nr. 105 við Hverfisgötu.
Neikvæð fyrirspurn BN050469 dags. 19. janúar 2016 fylgir erindinu.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
28. **Hverfisgata 125** (01.222.118) 102854 Mál nr. BN050601
650607-1630 T.&D. ehf, Bergholti 2, 270 Mosfellsbær
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, tegund c, veitingastofa á 1. hæð í húsi á lóð nr. 125 við Hverfisgötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2016.
Meðfylgjandi er umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16.1. 2015.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlit. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
29. **Hverfisgata 76** (01.173.009) 101500 Mál nr. BN050765
591294-2379 Húsfélagið Svalbarði ehf, Stóragerði 19, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta veitingarrekstri úr fl. II, teg. C í fl. III, teg.? á 1. hæð í húsinu á lóð nr. 76 við Hverfisgötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2016.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
30. **Höfðabakki 9** (04.075.001) 110681 Mál nr. BN050728
280264-4749 Anna Sigríður Jóhannsdóttir, Kringlan 19, 103 Reykjavík
670492-2069 Reitir II ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir innanhússbreytingum þar sem innréttuð eru skrifstofurými á 2. hæð og koma fyrir lyftu í stigahúsi í mhl. 09 í E- húsi á lóð nr. 9 við Höfðabakka.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

31. **Kjalarvogur 12** Mál nr. BN050618
551211-0290 Húsasmiðjan ehf., Holtavegi 10, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja byggingavöruverslun, mhl. 01, tveggja hæða skrifstofubygging, steinsteypt, einangruð og klædd að utan með sléttri málmklæðningu og mhl. 02, lagerbygging, stálgrindarhús sem hægt er að aka í gegnum á lóð nr. 12 við Kjalarvog.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2016.
Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla frá Mannvit dags. 15. febrúar 2016.
Mhl. 01, A-rými: 3.186,6 ferm., 15.186,6 rúmm.
Mhl. 02, A-rými: 2.543,6 ferm., 20.677,4 rúmm.
B-rými: 286 ferm., 1.672 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2016.
32. **Laugavegur 164** (01.242.101) 103031 Mál nr. BN050650
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7, 150 Reykjavík
510391-2259 Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7, 150 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fylla í gluggagöt, byggja yfir þaksvalir, byggja valmapak, einangra og klæða að utan með málmklæðningu, breyta innra skipulagi og innréttu skjallasafn í iðnaðarhúsi á lóð nr. 164 við Laugaveg.
Sjá erindi BN045438 samþykkt 17. desember 2013.
Stækkun: 35 ferm., 1.932,1 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
33. **Laugavegur 20B** (01.171.504) 101420 Mál nr. BN050704
470605-1460 Stórval ehf, Skútuvogi 1e, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka veitingastað yfir í aðliggjandi rými á 1. hæð í húsi á lóð nr. 20B við Laugaveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2016.
Gjald kr. 10.100
Synjað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2016.
34. **Laugavegur 34** (01.172.215) 101470 Mál nr. BN050799
630513-1460 Lantan ehf., Skólavörðustíg 18, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innréttu 14 hótélherbergi á efri hæðum og opna yfir í gististað í flokki V, teg. hótél á lóð nr. 34A á 2., 3. og 4. hæð húss á lóð nr. 34 við Laugaveg.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
35. **Laugavegur 56** (01.173.112) 101529 Mál nr. BN050322
480102-2580 L56 ehf., Hlíðasmára 12, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að byggja ofan á framhús ásamt því að reisa nýbyggingu á baklóð og innréttu gistiheimili í flokki II, fyrir 32 gesti á lóð nr. 56 við Laugaveg.

Jafnframt er erindi BN048949 fellt úr gildi.

Stækkun: 455,8 ferm., 1.376,3 rúmm.

